

Ed.

373. Frumvarp til laga

[210. mál]

um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagnesnefndar.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Kauplagnesnefnd skipa þrjú menn. Einn skipaður eftir tilnefningu Hæstaréttar og er hann formaður, en hinir eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, hvors um sig. Nefndin starfar í samráði við Hagstofu Íslands.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Kauplagnesnefnd skal reikna vísitölu framfærslukostnaðar samkvæmt vísitölugrundvelli byggðum á niðurstöðum neyslukönnunar árin 1978 og 1979, sem Kauplagnesnefnd og Hagstofan hafa gert. Grunntala þessarar vísitölu (=100) skal miðuð við verðlag í febrúarbyrjun 1984, og skal reikna hana fjórum sinnum á ári, miðað við byrjun mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember, eftir grundvallarreglum, sem Kauplagnesnefnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

Nú óskar ríkisstjórnin, Alþýðusamband Íslands eða Vinnuveitendasamband Íslands eftir því, að vísitala framfærslukostnaðar verði reiknuð aukalega í byrjun annars mánaðar en skylt er að reikna hana samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar, og skal þá Kauplagnesnefnd verða við þeirri ósk, enda sé hún borin fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.

3. gr.

Kauplagnesnefnd skal eigi sjaldnar en á 5 ára fresti láta fara fram athugun á því, hvort ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar. Skal sú athugun fyrst fara fram á árinu 1985. Telji allir nefndarmenn, að lokinni slíkri athugun, að endurskoðunar sé þörf, getur nefndin ákveðið, að gerð skuli neyslukönnun til endurnýjunar á grundvelli vísitölnunnar. Að fengnum niðurstöðum er nefndinni — sé hún sammála — heimilt að ákveða framfærsluvísitölnunni nýjan grundvöll án þess að koma þurfi til lagasetningar.

Kauplagnesnefnd skal gera ríkisstjórninni grein fyrir niðurstöðunum.

4. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar samkvæmt ákvæðum í lögum nr. 10/1981 skal reiknuð í síðasta sinn miðað við verðlag í febrúarbyrjun 1984.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi eftirtalin ákvæði laga:

1) 1. og 2. málsgrein 4. greinar laga nr. 1 30. janúar 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

2) 4. grein laga nr. 10 13. apríl 1981 um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tildrög og framkvæmd neyslukönnunar. Með bréfi forsætisráðherra 19. október 1978 til Hagstofu Íslands var henni og Kauplagnesnefnd falið að endurskoða grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar, og skyldi því verki hraðað eins og kostur væri á. Var tekið fram í bréfinu, að nefnd fulltrúa launþega, atvinnurekenda og ríkisvaldsins, er ætti að gera tillögur um endurskoðun viðmiðunar launa við vísitölu, hefði mælt til þess við ríkisstjórnina, að fyrr nefndum aðilum yrði falið að endurskoða grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar.

Forsenda slíkrar endurskoðunar er, að fram fari neyslukönnun, og af þeim sökum hófu Kauplagnesnefnd og Hagstofan þegar undirbúning að nýrri könnun á neyslu launþega, hinni fjórðu í röðinni hér á landi. Hin fyrsta var ákveðin í lögum nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi. Fór hún fram á tímabilinu júlí 1939 til júní 1940, og tóku þátt í henni um 40 fjölskyldur í Reykjavík. Framfærsluvísitala með grunntíma janúar til mars 1939 var byggð á þessari könnun. Gilti hún í meginatriðum fram að mars 1959. Þá tók við vísitölugrunnur, er byggðist á könnun á neyslu launþega í Reykjavík, sem fór aðallega fram á árunum 1953 og 1954. Þátt í henni tóku 80 fjölskyldur. Niðurstöður lágu fyrir á árinu 1956, en tilheyrandi nýr vísitölugrundvöllur kom ekki til framkvæmda fyrr en í mars 1959, í sambandi við niðurfærslu verðlags og launa, er ákveðin var í lögum nr. 1 30. janúar 1959. Í þeim var og kveðið á um gildistöku nýrrar framfærsluvísitölu með grunntíma 1. mars 1959. Þriðja neyslukönnunin fór fram á árunum 1964 og 1965, og voru þátttakendur í henni 100 fjölskyldur í Reykjavík. Niðurstöður lágu fyrir á árinu 1966, en nýr vísitölugrundvöllur byggður á þeim var ekki lögfestur fyrr en með setningu laga nr. 70 29. nóvember 1967, um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar. Þar var meðal annars ákveðin ný framfærsluvísitala með grunntíma í janúarbyrjun 1968. Samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 87 31. desember 1980, um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, fékk þessi vísitala nýja grunntölu 100 hinn 1. janúar 1981, en grundvöllur hennar hélst hinn sami og ákveðinn var í lögum nr. 70/1967.

Hverju sinni sem könnun á neyslu hefur verið gerð til endurskoðunar á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar, hafa verið komnar til miklar breytingar á neysluvenjum frá síðustu neyslukönnun, þannig að raunveruleg skipting framfærsluútgjalda fólks var orðin mjög frábrugðin skiptingu útgjalda í gildandi vísitölu. Í þessu þurfti ekki að felast það, að hún sýndi minni verðhækkanir en „rétt“ vísitala hefði sýnt. Hér gat hið gagnstæða eins átt sér stað, og raunar gat útkoman hvað þetta snertir verið mismunandi á ýmsum tímum. En hvað sem þessu liði hlaut áorðin stórfelld breyting á neysluvenjum hverju sinni að leiða til þess, að endurskoðun færi fram á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar. Þegar ákveðið var á hausti 1978 að gera nýja neyslukönnun, lá það óumdeilanlega fyrir, að mjög miklar breytingar hefðu orðið á neyslusamsetningu launþegaheimila síðan 1964/65, er neyslukönnun var síðast gerð.

Þrjár fyrstu neyslukönnunirnar áttu það sammerkt að vera bundnar við Reykjavík eina, en neyslukönnun 1978/79 tók til launþega á öllu Höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt voru gerðar umfangsminni kannanir á 5 stöðum utan þess. Í tveimur fyrstu könnunum var ýmsum neysluútgjöldum sleppt, annað hvort vegna ófullkominna upplýsinga eða vegna örðugleika á að finna staðgönguvörur fyrir viðkomandi útgjöld í vísitölu. Þannig voru t. d. ekki tekin í vísitölu útgjöld til kaupa á húsgögnum og ýmsum öðrum húsbúnaði, útgjöld vegna eigin bifreiðar o. fl. Við uppsetningu vísitölugrundvallar frá janúar 1968 og nýs grundvallar, er nú liggur fyrir, hafa hins vegar öll neysluútgjöld verið tekin með. — Fram að því að nýr grundvöllur tók gildi í janúar 1968, var vísitalan reiknuð mánaðarlega, en síðan þá hefur hún verið reiknuð á 3ja mánaða fresti, miðað við byrjun mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember. En óski Alþýðusamband Íslands eða Vinnuveitendasamband Íslands eftir því, að framfærsluvísitalan sé reiknuð aukalega í byrjun annarra mánaða en skylt er að reikna hana,

skal Kauplagnsnefnd verða við þeirri ósk. Þessi heimild hefur verið lítið notuð. Að sjálfsögðu getur ríkisstjórnin látið reikna vísitöluna eins oft og henni þykir henta í upplýsingarskyni. Þannig hefur hún verið reiknuð í hverjum mánuði síðan í september 1983 eftir ósk ríkisstjórnarinnar, og verður svo áfram þar til annað kann að verða ákveðið.

Eins og áður segir hófst undirbúningur nýrrar neyslukönnunar á hausti 1978 þegar eftir móttöku áður nefnds bréfs forsætisráðherra til Hagstofunnar. Við skipulagningu hennar var stuðst við tilhögun hliðstæðra kannana á Norðurlöndum, einkum þó við könnun dönsku hagstofunnar 1976. Að því er varðar flokkun og greiningu vörutegunda og þjónustu í vísitölugrundvellingum var, þegar að henni kom, notuð fyrirmynd frá norsku hagstofunni.

Um sama leyti og undirbúningur að neyslukönnun hófst, ákvað Manneldisráð að gera könnun á matarvenjum landsmanna, til þess að bæta úr mjög tilfinnanlegri vöntun upplýsinga á þessu sviði. Samdist svo um, að þessar tvær kannanir hefðu samflot, þ. e. að þátttakendur í könnun Manneldisráðs yrðu hinir sömu og í neyslukönnun Kauplagnsnefndar og Hagstofu. Þetta samstarf leiddi til sparnaðar og hagræðis fyrir báða aðila og varð í alla staði árangursríkt.

Nýja neyslukönnunin tók eins og áður segir til alls Höfuðborgarsvæðisins, þ. e. til Kópavogs, Seltjarnarness, Mosfellshepps, Hafnarfjarðar, Gardabæjar og Bessastaðahrepps, auk Reykjavíkur. Til neyslukönnunar utan Höfuðborgarsvæðis völdust þessir staðir: Ísafjörður, Akureyri, Neskaupstaður, Vestmannaeyjar og Hvolsvöllur.

Sem fyrr var ákveðið, að fyrirhuguð neyslukönnun skyldi taka til launþega einna, með þessari hefðbundnu flokkun: Verkamenn, sjómenn, iðnaðarmenn, opinberir starfsmenn, verslunar- og skrifstofufólk í þjónustu einkaaðila. Iðnaðarmenn, er væru jafnframt vinnuveitendur, voru ekki hafðir með. Þátttaka var bundin við hjón með eða án barna 17 ára eða yngri á árinu 1978. Heimilisfaðir mátti ekki vera eldri en 66 ára á árinu 1978, en hins vegar voru engin aldursmörk við neðri enda aldurstigans. Aldur eiginmanns réð þannig þátttöku — eiginkona mátti vera eldri en 66 ára 1978. Skal í þessu sambandi upplýst, að hlutur heimilisföður í öflun tekna utan frá var í öllum tilvikum nema fjórum meiri en hlutur heimilismóður.

Á Höfuðborgarsvæði fengust þátttakendur í neyslukönnunina með úrtaki úr þjóðskrá 1. desember 1978 (fyrir staðina fimm úti á landi var gert úrtak úr skattskrá 1978). Þjóðskrárúrtakið var samrennt með skattskrá 1978 til þess að fá þaðan upplýsingar um starfsstétt hvers aðila, um tekjur hans samkvæmt framtali o. fl. Úr stóru heildarúrtaki var síðan með sérstökum hætti unnið úrtak 330 fjölskyldna á Höfuðborgarsvæði. Úr þeim hópi voru felldar fjölskyldur, sem ekki fullnægðu fyrir greindum almennum skilyrðum til þátttöku, svo og fjölskyldur, sem af öðrum ástæðum varð að sleppa (brotfluttir frá könnunarsvæði, launþegi orðinn atvinnurekandi eða hann ranglega merktur launþegi á skattskrá, utan að komandi fólk í heimili, fjölskylda neitaði þátttöku eða baðst eindregið undan henni (fátítt), o. fl.). Niðurstaðan varð sú, að þátttakendur í könnuninni urðu rúmlega 180, en frá nokkrum fengust ekki nothæfar ársútgjaldaskýrslur, og þátttakendur í könnuninni urðu endanlega 176 að tölu. Hér fer á eftir yfirlit um starfsstéttarskiptingu þátttakenda í neyslukönnun 1978/79, og skiptingin 1964/65 sýnd til samanburðar:

| | Tala þátt- takenda nú | Skipting nú, % | Skipting 1964, % |
|--|--------------------------|-------------------|---------------------|
| Verkamenn | 34 | 19,3 | 26,0 |
| Sjómenn | 9 | 5,1 | 3,0 |
| Iðnaðarmenn | 32 | 18,2 | 23,0 |
| Opinberir starfsmenn | 60 | 34,1 | 30,0 |
| Verslunar- og skrifstofufólk í þjónustu einkaaðila | 41 | 23,3 | 18,0 |
| Alls | 176 | 100,0 | 100,0 |

Starfsstéttarskipting þátttakenda í neyslukönnun 1978/79 kemur vel heim við skiptingu á Höfuðborgarsvæði í heild miðað við tekjuárið 1978, sbr. töflur um tekjur starfsstétta birtar í októberblaði Hagfíðinda 1979. Yfirlit þetta sýnir, að hlutdeild opinberra starfsmanna og fólks við vörudreifingu og þjónustustörf hefur vaxið verulega síðan 1964/65, en hlutdeild verkamanna og iðnaðarmanna minnkað. Þessi þróun er alþekkt, og þurfti hún að koma fram hér svo vel væri.

Meðalstærð fjölskyldu reyndist vera 3,66 einstaklingar, þ. e. 1,66 börn, auk foreldra. Kemur þetta vel heim við fjölskyldustærð samkvæmt þjóðskrá. Í „vísitölufjölskyldu“ gildandi grundvallar eru 1,98 börn, auk foreldra. — Meðalaldur heimilisföður er 36 ár og heimilismóður 34 ár, og er það heldur lægri aldur en aldur foreldra í gildandi vísitölugrundvelli.

Öflun upplýsinga frá þátttakendum í neyslukönnuninni var aðallega með tvennum hætti. Annars vegar voru þeir í viðtölum beðnir að láta í té allnákvæmar upplýsingar um heimilishagi, og þá fyrst og fremst um útgjöld sín á árinu 1978. Var hér um að ræða húsnæðiskostnað og öll önnur neysluútgjöld, nema útgjöld til kaupa á matvörum, óáfengum drykkjarvörum og hreinlætisvörum. Til þess að eiga þessar viðræður við þátttakendur voru fengnir um 20 stúdentar við nám í viðskiptafræði og matvælafræði, auk 4ra annarra, þar af voru 2 hagstofustarfsmenn. Færðu þeir allar upplýsingar jafnóðum á sérstakt 18 blaðsíðna form undir upplýsingar um ársútgjöld og heimilishagi. — Hins vegar færðu þátttakendur búreikninga um 4ra vikna skeið. Til þeirra nota fengu þeir reikningshefti með leiðbeiningum um, hvernig reikningshaldinu skyldi hagað, en auk þess var haft náið samband við hvern þátttakenda í síma, til þess að tryggja sem besta framkvæmd reikningshaldsins. Færa skyldi á búreikninga öll útgjöld á 4ra vikna reikningstímabilinu, en tilgangur þessa reikningshalds var annars aðallega sá að afla vitneskju um kaup á matvörum, óáfengum drykkjarvörum og hreinlætisvörum, sem ekki voru tekin á ársútgjaldaskýrslu. Full ástæða er til að ætla, að upplýsingar ársútgjaldaskýrslna og búreikninga hafi verið tæmandi og raunhæfar eftir því sem orðið getur, enda voru „spyrjendur“ vel búnir til að gegna þessu hlutverki og reyndust þeir allir vel í starfi. — Það skal tekið fram, að þessi tilhögun á öflun upplýsinga var í aðalatriðum hin sama og viðhöfð var í neyslukönnun 1964/65.

Efniviður ársútgjaldaskýrslna var unninn á hefðbundinn hátt, en búreikningarnir voru tölvuskráðir. Var það mikið verk, því að merkja þurfti með tákntölu hverja einustu útgjaldafjárhæð í búreikningum, auk ýmissa annarra upplýsinga í þeim, er skyldu tölvuskráðar. Þá þurfti og að leiðrétta og laga margt í búreikningunum, svo að þeir yrðu tækir til skráningar. Tölvuskráðar færslur urðu um 68 þús. að tölu.

Í framfærsluvísitölu þeirri, er tók gildi í janúar 1968, voru opinber gjöld (almannatryggingagjald, sjúkrasamlagsgjald og námsbókagjald), er síðar voru felld niður, og hurfu þar með úr gildandi vísitölu. Einn tekjuliður, fjölskyldubætur, var í 1968-vísitölu, og kom fjárhæð þeirra til frádráttar heildarútgjöldum vísitölnnar, er hún var reiknuð hverju sinni. Fjölskyldubætur í hefðbundnu formi voru lagðar niður frá 1. júlí 1975 og hurfu þær þar með úr vísitölnni. — Beinir skattar (tekjuskattur, útsvar, kirkjugarðsgjald) voru á árinu 1960 felldir inn í þágildandi vísitölugrundvöll, en þeir komu ekki í 1968-grundvöll, og eru ekki heldur í þeim grundvelli, sem nú er lagt til, að verði lögfestur.

Sérstök vandamál voru í sambandi við ákvörðun húsnæðisliðsins, sem að mestu leyti telst vera kostnaður við eigin húsnæði, enda voru 85% þátttakenda á Höfuðborgarsvæði í eigin íbúð. Með hliðsjón af skýrslu, sem Hagstofan lagði fyrir Kauplagnesnefnd um þetta ákvörðunarefni, og eftir ýtarlega umfjöllun í henni, urðu nefndarmenn sammála um, að fjárhæð húsnæðisliðs í nýjum grundvelli skyldi vera 65 000 kr. Svarar það til 11% af heildarútgjöldum hans. Í gildandi vísitölu á grunntíma 1968 var hlutdeild húsnæðisliðsins 15,6% af heildarútgjöldum að frá dregnum fjölskyldubótum. Þessi lækun hlutdeildar

húsnæðiskostnaðar stafar meðal annars af því, að fjölskyldur í eigin húsnæði eru orðnar hlutfallslega fleiri en þær voru samkvæmt neyslukönnun 1964/65, sem vísitölugrunnur 1968 er byggður á.

Kostnaður við neyslukönnun 1978/79, á Höfuðborgarsvæði og utan þess, varð samtals 1 510 þús. kr., miðað við launastig og verðlag í ársbyrjun 1984.

Neyslukönnun utan Höfuðborgarsvæðis. Eins og fyrr segir fengust þátttakendur á hinum 5 stöðum utan Höfuðborgarsvæðis með úrtaki úr skattskrá 1978. Á Ísafirði voru þeir 15, 20 á Akureyri, 15 á Neskaupstað, 15 í Vestmannaeyjum og 10 á Hvolsvelli. Ársútgjaldaskýrslur tóku til ársins 1979. Búreikningar voru — eins og á Höfuðborgarsvæði — færðir í 28 daga, en færslu þeirra var ekki dreift yfir árið eins og þar, heldur hófst hún í fyrri hluta maí 1980 og henni lauk í júní. Sérstök áhersla var lögð á að tryggja fullnægjandi framkvæmd neyslukönnunar á þessum stöðum, enda ekki vanþörf á því. Hagstofustjóri eða hlutaðeigandi deildarstjóri átti ýtarlegt símaviðtal við hvern þátttakanda í byrjun. Ríkisstarfsmaður á staðnum (annað hvort starfsmaður verðlagsstjóra á staðnum eða annar opinber starfsmaður, sérstaklega valinn) tók að sér að gera ársútgjaldaskýrslur og koma færslu búreikninga af stað. Starfsmenn Manneldisráðs við könnun þessa urðu að fara heim til hvers þátttakanda og voru þær heimsóknir látnar eiga sér stað meðan á færslu búreikninga stóð á hverjum stað. Tóku þeir að sér að leiðbeina búreikningshöldurum, þar á meðal að yfirfara það, sem búið væri að færa og láta laga færslugalla. Sæmilega tókst til um gerð ársútgjaldaskýrslu og færslu búreikninga, en rétt er að geta þess, að örðugleikar og annmarkar á öflun upplýsinga var ólíkt meiri á þessum stöðum en á Höfuðborgarsvæði. Á 3 af 5 stöðum hafnaði stór hluti þeirra, sem kom í úrtakið og fullnægði þátttökukröfum, að taka þátt í könnuninni, og á öllum stöðum bar mikið á tregðu þátttakenda til að láta í té upplýsingar. Bera niðurstöður af könnuninni á hinum 5 stöðum þess nokkur merki.

Aðaltilgangur neyslukönnunar utan Höfuðborgarsvæðis var að afla nokkurrar vitneskju um neyslusamsetningu launþega þar og bera hana saman við niðurstöður á Höfuðborgarsvæði. Til þess að fá upplýsingar um neyslu launþega á hinum 5 stöðum, er væru sambærilegar við niðurstöður könnunar á Höfuðborgarsvæði, hefðu þátttakendur þurft að vera miklu fleiri á hverjum stað, auk annars, sem hér hefði þurft að koma til. Við samanburð — sem hefur nokkurt gildi — á samanteknum niðurstöðum könnunar á hinum 5 stöðum við niðurstöður á Höfuðborgarsvæði kom í ljós, að samsetning neyslu launþega á þessum stöðum er svipuð því, sem er á aðalsvæði könnunar. Hér er þó um að ræða viss frávík og gætir þar mest meira vægis útgjalda til húshitunar og rafmagns á stöðum úti á landi.

Stefnt var að því frá upphafi, að væntanlegur nýr vísitölugrundvöllur yrði byggður á niðurstöðum neyslukönnunar á Höfuðborgarsvæði, en jafnframt var gert ráð fyrir að taka visst tillit til niðurstæðna af könnun utan Reykjavíkur. Var það gert að því er varðar liði húshitunar og rafmagnsnotkunar. Talið var frágangssök að ganga lengra í þessu efni, vegna örðugleika á öflun upplýsinga og stórfellds kostnaðar við að koma á fót og starfrækja kerfi, er tæki til staða utan Höfuðborgarsvæðis. Í þessu sambandi verður og að hafa hugfast, að það eru hlutfallslegar breytingar á framfærsluvísitölu í heild, og einstakra þátta hennar og liða, sem skipta máli, en ekki fjárhæðir útgjaldaliða í vísitölunni, svo og að ekki er ástæða til að ætla, að hlutfallslegar breytingar vísitölu, sem tekur einvörðungu til Höfuðborgarsvæðis, séu verulega aðrar en breytingar vísitölu, sem að hluta fylgir verðbreytingum utan þess.

Útgjaldaskipting samkvæmt neyslukönnun 1978/79 og samkvæmt gildandi vísitölugrundvelli borin saman. Hér með fylgir yfirlit um skiptingu útgjalda í væntanlegum nýjum vísitölugrundvelli, miðað við verðlag í febrúarbyrjun 1984. Til samanburðar eru í yfirlitinu útgjaldafjárhæðir gildandi vísitölu á sama tíma. Hér hafa allmargir liðir í henni verið færðir milli flokka til þess að gera þá sambærilega við neyslukönnun 1978/79 að því er varðar greiningu vöru og þjónustu á flokka. Þetta yfirlit segir margt um áorðnar breytingar á neysluvenjum launþega á tímabilinu frá 1964/65 til 1978/79, er neyslukönnun var gerð á ný. En þess er að gæta, að samanburður á vægi útgjalda samkvæmt yfirlitinu leiðir oft til villandi

**Skipting útgjalda í væntanlegum nýjum vísitölugrundvelli og í núgildandi vísitölu,
hvort tveggja miðað við verðlag 1. febrúar 1984.**

| | Útgjaldaupphæðir, kr. | | Hlutfallsleg skipting | |
|---|-----------------------|--------------------|-----------------------|--------------------|
| | Nýr grunnur | Núgild. grunnur | Nýr grunnur | Núgild. grunnur |
| Matvörur | 125 634 | 113 399 | 21,4 | 32,2 |
| Mjöl, grjón, bakaðar vörur | 15 931 | 13 756 | 2,7 | 3,9 |
| Kjöt, kjötvörur | 26 952 | 28 268 | 4,6 | 8,0 |
| Fiskur, fiskvörur | 5 486 | 11 212 | 0,9 | 3,2 |
| Mjólk, rjómi, ostar, egg | 24 547 | 24 662 | 4,2 | 7,0 |
| Feitmeti, olíur | 6 605 | 7 157 | 1,1 | 2,0 |
| Grænmeti, ávextir, ber o. fl. | 16 225 | 15 198 | 2,8 | 4,3 |
| Kartöflur, vörur úr þeim | 2 221 | 3 232 | 0,4 | 0,9 |
| Sykur | 1 159 | 2 059 | 0,2 | 0,6 |
| Kaffi, te, kakaó, súkkulaði | 3 811 | 4 035 | 0,6 | 1,2 |
| Aðrar matvörur | 22 697 | 3 820 | 3,9 | 1,1 |
| Drykkjarvörur, tóbak | 26 481 | 17 969 | 4,5 | 5,1 |
| Gosdrykkir og öl | 7 294 | 3 012 | 1,3 | 0,9 |
| Áfengi | 6 756 | 5 821 | 1,1 | 1,6 |
| Tóbak | 12 431 | 9 136 | 2,1 | 2,6 |
| Föt, skófatnaður | 50 265 | 40 936 | 8,5 | 11,6 |
| Föt | 35 732 | 28 749 | 6,1 | 8,1 |
| Vefnaðarvörur, garn, fataviðgerðir o. fl. | 4 723 | 3 445 | 0,8 | 1,0 |
| Skófatnaður | 9 810 | 8 742 | 1,6 | 2,5 |
| Húsnæði, rafmagn, hiti | 97 112 | 45 137 | 16,5 | 12,8 |
| Húsnæðiskostnaður | 65 000 | 26 350 | 11,0 | 7,5 |
| Rafmagns- og hitunarkostnaður | 32 112 | 18 787 | 5,5 | 5,3 |
| Húsgögn, heimilisbúnaður | 51 917 | 24 055 | 8,8 | 6,9 |
| Húsgögn, gólfteppi o. fl. | 18 363 | 6 484 | 3,1 | 1,9 |
| Vefnaðarmunir til heimilishalds | 9 672 | 4 307 | 1,6 | 1,2 |
| Kæliskápar, önnur rafmagnsbúsáhöld | 5 171 | 3 274 | 0,9 | 0,9 |
| Borðbúnaður, glös, eldhúsáhöld o. fl. | 4 407 | 2 979 | 0,8 | 0,9 |
| Ýmsar vörur og þjónusta til heimilishalds | 8 243 | 5 499 | 1,4 | 1,6 |
| Barnaheimilisgjöld, húshjálp o. fl. | 6 061 | 1 512 | 1,0 | 0,4 |
| Heilsuvernd | 9 963 | 6 524 | 1,7 | 1,9 |
| Flutningstæki, ferðir, póstur og sími | 110 870 | 53 189 | 18,8 | 15,1 |
| Eigin flutningstæki | 94 515 | 39 135 | 16,1 | 11,1 |
| Notkun almennra flutningstækja | 9 553 | 9 101 | 1,6 | 2,6 |
| Póstur og sími | 6 802 | 4 953 | 1,1 | 1,4 |
| Tómstundaiðkun og menntun | 59 604 | 27 610 | 10,1 | 7,9 |
| Tækjabúnaður | 20 337 | 5 709 | 3,5 | 1,6 |
| Opinberar sýningar, þjónusta o. fl. | 20 654 | 8 935 | 3,5 | 2,6 |
| Bækur, blöð, tímarit o. fl. | 15 914 | 11 210 | 2,7 | 3,2 |
| Skólaganga | 2 699 | 1 756 | 0,4 | 0,5 |
| Aðrar vörur og þjónusta | 52 941 | 19 963 | 9,0 | 5,7 |
| Snyrtivörur, snyrting | 11 353 | 6 858 | 1,9 | 1,9 |
| Ferðavörur, úr, skartgripir o. fl. | 6 614 | 4 165 | 1,1 | 1,2 |
| Veitingahúsa- og hótelpjónusta, orlof | 31 622 | 8 601 | 5,4 | 2,5 |
| Tryggingar o. fl. | 2 074 | 339 | 0,4 | 0,1 |
| Þjónusta ót.a. | 1 278 | — | 0,2 | — |
| Félagsgjöld | 4 002 | 2 937 | 0,7 | 0,8 |
| Alls | 588 789 | 351 719 | 100,0 | 100,0 |

niðurstöðu vegna mismikilla verðhækkana á umræddu tímabili. Hér á eftir er því, að því er varðar sum útgjöld, annars vegar gerður samanburður á vægi þeirra í 1968-grundvelli á grunntíma hans, og hins vegar á vægi þeirra í væntanlegum nýjum grundvelli miðað við verðlag í febrúarbyrjun 1984.

Ef litið er á matvörflokkinn í heild er vægi hans samkvæmt niðurstöðum 1978/79-könnunar 21,4%, en hlutdeild matvöru í núgildandi vísitölu á grunntíma hennar 1968 var 27,9%. Sú tiltölulega mikla hlutdeild er 1. febrúar 1984 komin upp í 32,2%, vegna verulega meiri verðhækkunar matvöru en orðið hefur á öðrum vísitölulíðum.

Vægi útgjalda til búvörukaupa í 1968-vísitölu var á grunntíma hennar 13,7%, og 15,5% í febrúarbyrjun 1984, en í væntanlegum nýjum grunni er vægi þeirra um 8% miðað við verðlag í febrúarbyrjun 1984. Mjög veruleg minnkun hefur orðið á neyslumagni eftirtalinna matvörutegunda frá því, sem er í gildandi vísitölugrunni: Nýmjólk úr 940 lítrum í 598 lítra, kartöflur úr 250 kg í 98 kg, strásykur úr 79 kg í 49 kg. Hér verður að hafa í huga, að nýja „vísitölufjölskyldan“ er minni, eða 3,66 einstaklingar á móti 3,98 í gildandi vísitölu. Enn fremur verður að taka tillit til þess, að hér er um að ræða bein heimilisútgjöld til kaupa á þessum vörutegundum — neysla á þessum vörum í mótuneytum og á veitingahúsum, sem hefur aukist stórlega, er utan við þessar neyslumagnstölur og hún liggur ekki fyrir sundurgreind. Þrátt fyrir þetta er um að ræða verulega raunverulega minnkun á neyslu þessara vörutegunda. Geti má þess, að neyslumagn gosdrykkja og sælgætis hefur samkvæmt neyslukönnun 1978/79 stóraukist frá því, sem það var 1964/65. Mjög veruleg aukning hefur orðið á neyslu nautakjöts, svínakjöts og fuglakjöts.

Útgjöld vegna eigin bifreiðar námu 11,1% af heildarútgjöldum á grunntíma 1968-vísitölu, en í væntanlegum nýjum grundvelli nema þau 16,1%. 55% af fjölskyldum núgildandi vísitölu eru með eigin bifreið, en í nýja grundvellingnum eru allar fjölskyldurnar með eigin bifreið.

Veruleg aukning hefur orðið á vægi útgjalda til tómsundaiðkunar og þess háttar. Má þar nefna útgjöld til kaupa á sjónvarpstækjum, hljómtækjum, myndavélum og alls kyns íþróttabúnaði, svo og útgjöld vegna tækja, sem hafa komið til á seinni árum (videotæki, kassettur, vasatölvur). Þá má nefna stóraukið vægi útgjalda vegna hestamennsku, viðleguútbúnaðar, skrudgarðsræktunar, sundiðkunar, lax- og silungsveiða, dansnámskeiða, nudds og gufubaða, sólarlampa, o. m. fl.

Liðurinn orlofsferðir til útlanda, sem er með útgjöldum til veitingahúsa- og hótelpjónustu neðarlega í yfirlitinu, er ekki til í gildandi vísitölu, en vægi hans í væntanlegum nýjum grundvelli er 3,3%.

Þá má að lokum nefna stóraukið vægi útgjalda til barnagæslu, á dagvistarheimilum, í leikskólum og hjá svo nefndum dagmömmum.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Þessi grein er sama efnis og 1. og 2. málsg. 4. gr. laga nr. 1/1959, sem eiga að falla úr gildi samkvæmt tölulíð 1 í 5. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Fyrri málsgreinin er sama efnis og fyrri málsg. 4. gr. í lögum nr. 10/1981, sem á að falla úr gildi samkvæmt tölulíð 2 í 5. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti vísast hér til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Síðari málsgreinin er sama efnis og síðari málsg. 4. gr. í lögum nr. 10/1981, að öðru leyti en því, að bætt er inn í ákvæði um, að einnig ríkisstjórnin geti látið reikna framfærsluvísitöluna aukalega, þ. e. í öðrum mánuðum en skylt er að reikna hana samkvæmt ákvæðum í fyrri málsg. 2. gr. frumvarpsins. — Síðari málsg. 4. gr. í lögum nr. 10/1981 á einnig að falla úr gildi samkvæmt tölulíð 2 í 5. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Til samræmis við ákvæði í 5. gr. laga nr. 18/1983 um vísitölu byggingarkostnaðar er hér lagt til, að Kauplagnesnefnd skuli eigi sjaldnar en á 5 ára fresti láta fara fram athugun á því, hvort ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar. Þó skal sú athugun fyrst fara fram á árinu 1985. Þá er og lagt til í þessari gr., að Kauplagnesnefnd geti — ef hún er sammála — ákveðið að slíkri athugun lokinni, að ný neyslukönnun skuli fara fram, svo og — einnig ef hún er sammála — látið nýja framfærsluvísitölu koma til framkvæmda án þess að koma þurfi til lagasetningar.

Um 4. gr.

Í þessari gr. er kveðið svo á, að núgildandi vísitala framfærslukostnaðar skuli reiknuð í síðasta sinn miðað við verðlag í febrúarbyrjun 1984. Þetta ákvæði hindrar ekki, að hún sé reiknuð áfram mánaðarlega einhvern tíma til upplýsingar.

Um 5. gr.

Parfnast ekki skýringa umfram það, sem fyrr greinir.